



HÁSKÓLI ÍSLANDS

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

Aukning umfangs og fjármagns í íslenskum körfuknattleik
Umfang og rekstur þriggja íslenskra körfuknattleiksliða

Matthías Orri Sigurðarson

Lokaverkefni til BS-gráðu í viðskiptafræði

Leiðbeinandi: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, Dósent

Viðskiptafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2018

Aukning umfangs og fjármagns í íslenskum körfubolta.

Ritgerð þessi er 6 eininga lokaverkefni til BS prófs við Viðskiptafræðideild,
Félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

© 2018 Matthías Orri Sigurðarson

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, 2018

Útdráttur

Körfuknattleikur hefur verið spilaður skipulega á Íslandi frá árinu 1951 þegar úrvalsdeildar karla var stofnuð. Íþróttin hefur breyst talsvert á þessum 67 árum og ber þá helst að nefna aukið fjármagn sem lagt er í körfuknattleiksdeildir landsins.

Í ritgerðinni er að finna ítarlega umfjöllun um breytt umfang fjármagns í úrvalsdeild karla og hvernig sú breyting hefur áhrif á íþróttina í heild sinni.

Þó að íþróttin sem slík hafi verið vinsæl hjá landsmönnum í mörg ár hefur áhuginn nýlega aukist talsvert. Helst er að þakka stóraukinni umfjöllun og umtali frá fjölmiðlum sem og frábærum árangri karlalandsliðs Íslands í körfuknattleik. Hér verður skoðað hvaða áhrif aukning á umfjöllun hefur haft á úrvalsdeildina í heild sinni sem og áhrifin á körfuknattleiksdeildir íþróttafélaganna.

Við tölulegar greiningar verður aðallega stuðst við ársreikninga þriggja félaga sem eiga það sameiginlegt að hafa verið með meistaraflokk sinn í úrvalsdeildinni síðustu þrjú ár. Í ritgerðinni verður fjallað um breytingar á tekjum og gjöldum félaganna og farið er yfir hvernig þessi aukna velta kemur til. Á sama tíma eru teknar saman tölur yfir fjölda iðkenda og greint hvaða áhrif aukin umfjöllun og góður árangur íslenska landsliðsins hefur haft á þær.

Einnig verður farið yfir hvaðan tekjur félaganna koma og í hvað þær eru notaðar og auk þess skoðuð fylgni árangurs liðanna í úrvalsdeildinni í við aukningu í rekstrartekjum félaganna.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni í BSc námi við Háskóla Íslands og gildir til 6 eininga (ECTS).

Leiðbeinandi verkefnisins er Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent við Háskóla Íslands.

Sérstakar þakkir fara til Gylfa Dalmanns fyrir frábæra leiðsögn við gerð ritgerðarinnar en einnig vill ég þakka þeim íþróttafélögum sem hjálpuðu mér með upplýsingaöflun ritgerðarinnar.

Efnisyfirlit

Útdráttur	4
Formáli	5
Efnisyfirlit	6
1 Inngangur	7
2 Saga körfuboltans á Íslandi	8
3 Körfuknattleikssamband Íslands	10
4 Rekstrarform íþróttafélaga.....	12
5 Samfélagsleg staða íþróttafélaga	14
6 Staða körfuboltans á Íslandi	15
7 Rekstrartekjur félaga í úrvalsdeild.....	17
8 Rekstrargjöld félaga í úrvalsdeild	21
9 Rekstrarafgangur félaga í úrvalsdeild	23
10 Efnahagsreikningur félaga í úrvalsdeild.....	24
Lokaorð	25
Heimildaskrá.....	27

1 Inngangur

Frá árinu 1951 hefur körfuknattleikur verið spilaður á Íslandi en uppruna hans hér á landi má rekja til veru bandaríska hersins á Reykjanesi. Körfuknattleikur hefur þróast mikið hér á landi og staðan á íþróttinni í dag er góð. Leikmenn félaga fá greitt fyrir að spila íþróttina og talsvert af fjármagni er í umferð í körfuknattleiksdeildum Íþróttafélaga landsins.

Körfuknattleikssamband Íslands var stofnað árið 1961 til að sjá um utanumhald úrvalsdeilda karla og kvenna og til að sjá um landslið Íslands í körfuknattleik. Á þessum 67 árum sem úrvaldsdeildir karla og kvenna hafa verið starfrækar hafa deildirnar stækkað í umfangi og umgjörð. Fjármagn í íslenskum körfubolta hefur aldrei verið hærra sem skilar sér í bættri umgjörð félaganna og auknum gæðum leikmanna.

Í þessari ritgerð verður fjármagn í íslenskum körfubolta greint og reynt að komast að því hvað það er sem orsakar aukið fjármagn í úrvaldsdeildum landsins. Sett eru fram dæmi sem tengja saman fylgni fjármagns við umfjöllun um deildarinnar sem og árangur íslenska karlalandsliðsins í körfuknattleik. Undirstaða ritgerðarinnar eru ársreikningar þriggja félaga í úrvaldsdeild karla en þau eiga það sameiginlegt að hafa spilað í deildinni síðastliðin þrjú ár. Þessi ritgerð fjallar um aukningu á umfangi og fjármagni innan félaga í körfuknattleiksdeildum landsins á seinustu árum.

2 Saga körfuboltans á Íslandi

Körfubolti hefur verið spilaður á Íslandi lengi en fyrsti keppnisleikur í núverandi efstu deild var leikinn árið 1951 en það er tíu árum fyrir stofnun Körfuknattleikssamband Íslands. Athygli er vakin á því að allar upplýsingar í þessum kafla koma frá vefsíðu Körfuknattleikssamband Íslands eða KKÍ til styttingar. Lið Keflavíkurflugvallar, einnig þekkt sem ÍKF, urðu Íslandsmeistarar fyrstu tvö árin eftir stofnun úrvalsdeildar karla. Fljótlega skiptist svo ÍKF upp í tvö lið, lið Keflavíkur og Njarðvíkur. Úrvalsdeild Kvenna var stofnuð tveimur árum seinna en karladeildin þar sem Ármann tók fyrsta Íslandsmeistaratitilinn árið 1953. Áhugavert er að nefna að ekki var keppt í úrvalsdeild kvenna á hverju ári til að byrja með. Árin 1952-1967 voru aðeins spiluð ellefu tímabil en áttu að vera sautján talsins. Það hefur hins vegar verið spilað samfellt frá árinu 1968.

Þegar litið er til fjölda Íslandsmeistaratitla hjá körlum þá hefur Knattspyrnufélag Reykjavíkur nýlega tekið fram úr Íþróttafélagi Reykjavíkur og tróna nú á toppnum með sextán Íslandsmeistaratitla. Hjá konunum hefur Keflavík unnið sextán Íslandsmeistaratitla og er með tveggja titla forskot á Knattspyrnufélag Reykjavíkur sem er með fjórtán talsins. Í íslenskum körfubolta er talað um Íslandsmeistaratitilinn sem stærsta titil sem er í boði á hverju ári en sá næststærsti, Bikarmeistaratitillinn, er einnig mjög eftirsóttur. Bikarkeppni karla í íslenskum körfubolta hófst árið 1970 og eru úrslitaleikir keppinnar haldnir í febrúar á ári hverju með nokkrum undantekningum. Í flokki karla hefur Knattspyrnufélag Reykjavíkur verið sigursælast með tólf titla og Njarðvík fylgir á eftir með átta titla. Bikarkeppni kvenna hófst fimm árum síðar en hjá körlunum og hafa þær keppt um bikarmeistaratitil kvenna frá árinu 1975. Keflavík hefur verið langsigursælast í bikarkeppninni kvenna með fimmtán titla en Knattspyrnufélag Reykjavíkur fylgir á eftir með tíu titla. Með auðveldum útreikningum kemur í ljós að Knattspyrnufélag Reykjavíkur er sigursælasta karlalið landsins með átján Íslandsmeistaratitla og tólf bikarmeistaratitla. Hjá konunum er Keflavík svo með sextán Íslandsmeistaratitla og fimmtán bikarmeistaratitla.

Áhugavert er að skoða tölfræði á staðsetningum liða sem orðið hafa Íslandsmeistarar bæði hjá körlum og konum. Í karlaflokki hefur einungis einn Íslandsmeistaratitill ekki verið unnin af liði sem spilar á höfuðborgarsvæðinu eða á Suðurnesjum, en það var Snæfell sem unnu titilinn árið 2010. Þetta þýðir að 98,5% af titlum sem hafa verið í boði frá árinu 1951 hafa ratað á höfuðborgarsvæðið eða á Suðurnesin. Þegar litið er til kvenna þá er tölfræðin einnig

einstaklega hliðholl höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Aðeins sjö Íslandsmeistaratitlar hafa farið á önnur svæði en það þýðir að 88,33% af öllum titlum frá árinu 1952 hafa verið á þessum tveimur svæðum. Það er augljóst samkvæmt þessari tölfræði að lið utan af landi bæði í karla og kvennaflokki hafa verið í vandræðum með að ná árangri með sín lið.

Körfubolti á Íslandi hefur verið í mikilli sókn seinustu ár og ber helst að nefna aukna umfjöllun og góðan árangur karlalandsliðs Íslands sem aukið hefur á vinsældir íþróttarinnar. Karlalandsliðið hefur nú komist í tvær lokakeppnir Evrópumóta (EM) í röð sem hefur án alls vafa aukið áhuga þjóðarinnar á körfubolta. Einnig ber að nefna frábæra umfjöllun Körfuboltakvölds sem hefur dregið inn fjöldann allan af áhorfendum sem íþróttin náði ekki til áður. Þessi aukni áhugi og umfjöllun hefur margfalt aukið fjármagn til félaganna sem hefur svo skilað sér í betri umgjörð sem og hærri launum til leikmanna. Þegar litið er til úrvalsdeildarinnar og liða innan hennar hefur umfang liðanna aldrei verið meira en síðustu ár. Það er því augljóst að íslenskur körfubolti er á frábærum stað í dag og ef rétt er haldið á spilunum ætti framtíðin að vera björt fyrir íþróttina.

3 Körfuknattleikssamband Íslands

Samkvæmt vefsíðu Körfuknattleikssamband Íslands var sambandið stofnað árið 1961 en stofnaðilar sambandsins voru Körfuknattleiksráð Reykjavíkur, Íþróttabandalag Suðurnesja, Íþróttabandalag Hafnarfjarðar, Íþróttabandalag Keflavíkur, Íþróttabandalag Akureyrar og loks Íþróttabandalag Vestmannaeyja. Þáverandi forseti Íþróttasambands Íslands, Benedikt G. Waage, var forseti stofnþingsins en það þurfti mikla baráttu til að fá að stofna KKÍ. Önnur sérsambönd á Íslandi tóku fyrir það að körfubolti fengi sérsamband utan um sína íþrótt og var það sérstaklega Handknattleikssambandið sem beitti sér gegn því. Bogi Þorsteinsson var skipaður fyrsti formaður Körfuknattleikssambandsins en þeir hafa verið fjórtán talsins. Hannes Sigurbjörn Jónsson er núverandi formaður sambandsins. KKÍ er meðlimur Alþjóða körfuboltasambandsins, oftast kallað FIBA, og hefur verið það frá stofnun sambandsins. KKÍ vinnur náið með FIBA til að halda áfram og styðja við þróun körfuboltans á Íslandi.

Aðalverkefni KKÍ er umsjón með landsliðum Íslands sem og skipulagning og framkvæmd mótamála.

Landsliðin spila mismunandi marga leiki á hverju ári en karlaliðið hefur verið á síðustu tveimur lokamótum EM. Það hefur margfaldað allt umfang KKÍ vegna landsliðsins. Fyrir utan karla- og kvennalandsliðin sendir KKÍ út átta landslið í yngri flokkum bæði í Norðurlandamót sem og á Evrópumót ár hvert. Öll framkvæmd og skipulagning tengd landsliðunum sjálfum á þessum mótum er einnig í höndum Körfuknattleikssambandsins.

Sambandið sér svo einnig um skipulagningu sem og framkvæmd á mótamálum allra körfuboltadeilda landsins. Þessar deildar eru eftirfarandi : úrvalsdeild karla, úrvalsdeild kvenna, 1. deild karla, 1. deild kvenna, 2. deild karla og loks 3. deild karla. KKÍ sér um að raða leikjum upp á ákveðna daga og hefur ákveðið eftirlit með framkvæmd félaganna á mótisleikjum. Þar að auki eru sex nefndir innan sambandsins en þær eiga að styðja við starf KKÍ. Þessar nefndir eru eftirfarandi: afreksnefnd, dómaranefnd, mótanefnd, fræðslunefnd, aga- og úrskurðarnefnd og loks áfrýjunardómstóll. Dómaranefndin sér um að raða dómurum á leiki í efstu deildum innan sambandsins en nýlega var reglum breytt þar sem fjölda dómara í hverjum leik var fjölgað úr tveimur dómurum yfir í þrjá dómara. Þessi breyting gerir nefndinni erfiðara fyrir þar sem framboð af dómurum á Íslandi er ekki mikið. Afreksnefndin er alfarið í landsliðsmálum en þeirra aðalverkefni er að ráða þjálfara fyrir A-landslið Íslands sem og yngri landslið en það eru í kringum þrjátíu þjálfarar sem koma að þjálfun yngri landsliða Íslands.

Mótanefnd aðstoðar svo starfsmenn KKÍ við að skipuleggja allan þann fjölda af mótum sem eru haldin yfir árið. Almennt eru þessar nefndir notaðar til stuðnings við starfsmenn KKÍ og einnig taka nefndirnar ákvarðanir í einstökum málum sem koma á þeirra borð.

Allir einstaklingar sem starfa í nefndum á vegum KKÍ vinna sitt starf í sjálfboðavinnu en starfsmenn KKÍ, sem eru fimm talsins, eru í fullu starfi hjá sambandinu. Almennt er mikil sjálfboðavinna tengd starfi KKÍ og koma t.d. fjölmargir sjálfboðaliðar að hverjum landsleik sem haldinn er í Laugardalshöllinni.

KKÍ fær bróðurpart tekna sinna frá þremur stöðum. Þetta eru framlög og styrkir, tekjur af landsliðum og innheimta vegna dómara. Síðustu ár hafa þessar tekjur verið um 75% af tekjum sambandsins. Körfuknattleikssamband Íslands er órjúfanlegur partur af körfubolta á Íslandi og starfsmenn sambandsins sem og sjálfboðaliðar hafa síðan árið 1961 hjálpað körfuboltanum að vaxa og dafna.

4 Rekstrarform íþróttafélaga

Íþróttafélög á Íslandi eru að mestu rekin sem samspil milli launaðs starfsfólks og vinnu frá sjálfboðaliðum. Þegar litið er til handbóka félaganna, en stuðst er við upplýsingar þaðan í þessum kafla, er algengasta útskýring á skipulagi þeirra lýst sem samspili af stjórnnum, nefndum, vinnuhópum, launuðu starfsfólki, iðkendum, foreldrum/forráðamönnum, stuðningsmönnum og almennum félagsmönnum. Þegar rýnt er í þennan lista er ljóst að stórt partur af rekstri íþróttafélaga er unninn af sjálfboðaliðum. Aðalstjórn fer þó með æðsta vald innan félagsins en þar stýrir formaður bæði aðalstjórn og framkvæmdarstjórn sem er næstæðsta valdið. Framkvæmdastjórn sér um verkefni fyrir aðalstjórn sem varða daglegan rekstur og sér einnig um að ráða inn fólk á skrifstofuna og í önnur störf tengd almennum rekstri félagsins. Eina undantekningin á þessu er ráðning á framkvæmdarstjóra félagsins en aðalstjórn ber ábyrgð á því.

Mikilvægt er að útskýra sérstaklega störf skrifstofunnar og starfsfólks hennar til að gera greinarmun á þeim og sjálfboðaliðastarfi íþróttafélaganna. Launuðu starfsfólki félaganna er ætlað að sjá um daglegan rekstur en einnig að þjóna deildunum til að auðvelda þeim starf sitt án þess þó að taka það yfir. Starf þeirra er fjölbreytt en stærsta ábyrgðin er rekstur og viðhald á mannvirkjum, húsvarsla og móttaka og fjármál og bókhald félagsins. Einnig sjá launaðir starfsmenn um skipulagningu og eftirlit með félagi og iðkendaskráningu sem og heildarsamninga við samstarfsaðila.

Ef hlið sjálfboðaliða er skoðuð eru veigamestu sjálfboðaliðarnir þeir sem manna stjórnir deilda innan félagsins. Stjórn deilda getur haft mismunandi fjölda aðila en algengast er að fimm menn séu í stjórn með formann sem fer fyrir stjórninni. Ef skoðuð eru störf og ábyrgðir íþróttadeilda er einkum tvennt sem ber að hugsa um en það er ábyrgð á starfi deildarinnar, mótun stefnu og skipulag starfsins en einnig ábyrgð á fjárhagi, samningum og tekjuöflun deildarinnar. Formaður hvernar stjórnar í deildum innan félagsins er verkefnastjóri sinnar deildar og útdeilir verkefnum og ábyrgð til hinna stjórnarmeðlima. Þar að auki er formaðurinn ímynd deildarinnar út á við og ber að fylgjast með öllu starfi deildar sinnar sem og vera samskiptaðili við aðalstjórn.

Auk allra þessara sjálfboðaliða sem sitja í stjórnnum hvernar deildar þá er fjöldinn allur af fólki sem sitja í nefndum innan félagi sem og fólk sem gefur tíma sinn í alls konar stök verkefni líkt og að aðstoða við fjölleikamót yngri flokka eða mótsleiki meistaraflokkana.

Það er því nokkuð ljóst að íþróttafélög á Íslandi gætu aldrei starfað án hjálpar sjálfbóðaliða. Íþróttafélög á landinu starfa því oftast með aðalstjórnina sem höfuð félagsins sem útdeilir verkefnum niður skipulagseininguna. Framkvæmdarstjórnin er svo aðal aflið í að drífa áfram starf félagsins en hún gerir það með mikilli vinnu og í samstarfi við stjórn hvernar íþróttadeildar. Augljóst er að samvinna og vilji fyrir velgengni hvers íþróttafélags er mikilvægasti parturinn til að halda því gangandi. Þó að starf launaðs starfsfólks sé mikilvægt og í raun beinagrind íþróttafélaga þá er vinna sjálfbóðaliða kjötið á beinunum og það sem gerir félögum kleift að njóta velgengni.

5 Samfélagsleg staða íþróttafélaga

Íþróttafélög í landinu er ekki einungis stofnuð til að keppa að velgengni í sínum íþróttagreinum heldur sinna þau einnig gríðarlega mikilvægu hlutverki í uppeldi og mótun ungra barna í sínu nágrenni. Íþróttafólk lærir mjög margt í sínum íþróttum sem hjálpar þeim síðan í lífinu en sem dæmi um þessa ávinninga eru mannleg samskipti, skipulagshæfni, agi og leiðtogahæfileikar. Andlegur ávinningur þess sem stundar íþróttir er mikill en margoft hefur verið sýnt fram á að íþróttir hjálpa einstaklingum við að draga úr hinum ýmsum kvillum, t.d. hafa rannsóknir sýnt fram á að kvíði, streita og þunglyndi eru vandamál sem plaga íþróttamenn sjaldnar en þá sem stunda ekki hreyfingu og að aukin vellíðan fylgi íþróttaiðkun. Einnig má gera ráð fyrir því að fólk úr íþróttaumhverfi sé líklegt til að vera sterkir einstaklingar á vinnumarkaði eftir ferilinn sinn (Margrét, Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon, 2009.).

Þegar skoðuð er íþróttaiðkun í tengslum við nám og námsárangur eru niðurstöðurnar jákvæðar. Samkvæmt rannsókn sem gerð var í Bandaríkjunum um þessi umræddu tengsl kom í ljós að börn sem alast upp í skipulögðu íþróttaumhverfi eru almennt með hærri einkunnir og stefndu mun hærra á námsferli sínum en jafnaldrar sem stunduðu ekki íþróttir. Einnig eru sterk tengsl á milli barna sem stunda íþróttir og viðhorfi til skólagöngu en þeir sem stunda ekki íþróttir telja skólann skipta mun minna máli en þeir sem eru aldir upp í íþróttaumhverfi (March, 1993).

Íþróttafélög landsins skipa því mikilvægan sess í lífi barna í sínu hverfi, með því að útbúa þeim umhverfi og aðstæður til að þau geti eft sig sem einstakling og fengið bestu möguleika til að njóta velgengni í lífinu.

6 Staða körfuboltans á Íslandi

Íslenskur körfubolti hefur verið spilaður skipulega í 67 ár en margt bendir til þess að hann hafi aldrei verið vinsælli en einmitt núna árið 2018. Ýmislegt er hægt að nefna sem skýringu þess að staða körfuboltans í landinu er svona góð en helst er þó frábær árangur karlalandsliðs Íslands sem og betrumbætt umfjöllun um íþróttina. Íslenska karlalandsliðið hefur nú komist á tvö lokamót EM (Evrópumót) í röð en fyrir það hafði Ísland aldrei tekið þátt í stórmóti.

Árangur íslenska landsliðsins er athyglisverður þegar litið er til stærðar þjóðarinnar en einnig er áhugavert að sjá fylgni milli fjölda íslenskra atvinnumanna í körfubolta og árangurs Íslands í körfubolta. Af tólf manna leikmannahóp Íslands fyrir fyrsta Evrópumót þjóðarinnar árið 2015 voru átta leikmenn annaðhvort atvinnumenn erlendis eða spiluðu í sterkum deildum í bandaríska háskólaboltanum (Eurobasket, 2015). Einnig var helmingur af þjálfarateyminu að þjálfra erlendis en þessar tölur segja okkur að leikmenn og þjálfarar liðsins eru að æfa sem atvinnumenn allan ársins hring sem skilar sér í betri frammistöðu landsliðs Íslands. Á seinna Evrópumóti liðsins árið 2017 voru 9 af 15 leikmönnum og þjálfurum liðsins að spila eða þjálfra erlendis (Eurobasket, 2017). Einnig má nefna að meginþorri leikmanna landsliðsins bæði árin höfðu verið í atvinnumennsku í mörg ár áður en liðið náði þessum frábæra árangri.

Íslenskir leikmenn af báðum kynjum sem spila íþróttina erlendis hafa aldrei verið fjölmennari en núna síðustu ár. Bæði hefur Ísland aldrei átt fleiri atvinnumenn en á seinustu árum og einnig er orðið algengara að ungir íslenskir leikmenn fái skólástyrk til að stunda nám og spila körfubolta í sterkum háskóladeildum í Bandaríkjunum. Þessar deildir í Bandaríkjunum munu eflaust hjálpa leikmönnum að komast að sem atvinnumenn hjá liðum í Evrópu þegar að nám þeirra klárast. Það er afar mikilvægt fyrir Ísland að halda sem flestum leikmönnum erlendis til að geta byggt ofan á þennan árangur sem núverandi leikmenn liðsins hafa unnið að í mörg ár. Margir lykilmenn landsliðsins eru að eldast og því fer leikmannaveltan í liðinu að aukast á næstu árum.

Nokkuð ljóst er því að árangur íslenska karlalandsliðsins er mikilvægur partur í vinsældum körfuboltans á landinu en einnig ber að nefna aukna og mun faglegri umfjöllun um íþróttina. Þar ber helst að nefna framtak Stöðvar 2 í gífurlegum fjölda á útsendingum af körfuboltaleikjum sem og umfjöllun Körfuboltakvölds sem er vikulegur uppgjörspáttur fyrir úrvaldsdeild karla og kvenna. Á milli ára hefur útsendingum leikja fjölgað úr 28 árið 2014 yfir

í 103 útsendingar árið 2017 (Garðar Örn Arnarsson, munnleg heimilid, 12. Apríl, 2018). Körfuboltakvöld fór fyrst í loftið árið 2015 og hefur gert vel í að laða að hinn almenna íþróttáhugamann til að fylgjast með úrvaldsdeildunum. Ári áður en Körfuboltakvöld var stofnað var einungis einn umfjöllunarþáttur sendur út fyrir hvert tímabil. Árið 2017 voru útsendingar á Körfuboltakvöldi 45 talsins sem er mjög mikil hækkun milli ára. Uppgjörspátturinn lýsir sér þannig að eftir hverja umferð í úrvaldsdeild koma sérfræðingar Körfuboltakvölds saman og greina hvern leik í umferðinni sem og umferðina sjálfa. Þessir þættir hafa ekki einungis aukið áhorf á íþróttina heldur einnig aukið áhuga barna til að stunda körfubolta. Með bættri umfjöllun fá börn og unglingar meiri upplýsingar um liðið sitt og sína uppáhalds leikmenn. Þetta vekur hjá þeim áhuga og hvetur þau til að æfa svo þau verði betri í körfubolta sem og gefur þeim tækifæri á að eignast fyrirmyndir sem eru í þeirra nærumhverfi.

Aukning á iðkendum í körfubolta á landinu öllu er bein sönnun þess að árangur íslenska landsliðsins sem og betrumbætt umfjöllun um körfuboltann hefur skilað árangri. Í úrtökum á fjölda í körfuboltadeildum landsins er aukning á iðkendum um 23% frá árinu 2015 til ársins 2017 en stuðst er við iðkendaskýrslur félaga í úrvaldsdeild. Árið 2015 komst Ísland í fyrsta skiptið á stórmót og á sama ári var fyrsti þáttur af Körfuboltakvöldi sýndur svo að fylgni milli þessa atriða er ansi sterk. Nokkuð ljóst er að staða körfuboltans á Íslandi sé mjög sterk og væri hægt að færa rök fyrir því að hún hafi aldrei verið betri. Iðkendum er að fjölga, áhugi á íþróttinni er að aukast í takt við frábæra umfjöllun og landslið Íslands bæði karla og kvenna hafa verið að standa sig vel á erlendum mælikvarða.

Hér í næstu köflum verður kafað djúpt í tölulega greiningu á fjármagni liða í úrvaldsdeildum landsins og ábendingar gerðar um völdun breytinga í tölum.

7 Rekstrartekjur félaga í úrvalsdeild

Þegar litið er á umfang félaga innan úrvaldsdeildar karla í körfubolta hefur almennt fjármagn í rekstri þeirra hækkað þó nokkuð á síðustu þremur árum. Í þessari ritgerð eru þrjú félög í efstu deild karla tekin fyrir og greining gerð á fyrrnefndri breytingu á fjármagni í rekstri þeirra en aðalverkfæri greiningarinnar eru ársreikningar félaganna.

Helstu tekjur körfuknattleiksliða á Íslandi koma frá fjárframlögum og styrkjum. Þessi framlög og styrkir geta komið frá mörgum aðilum en að jafnaði eru hæstu styrkir félaganna frá sveitarfélagi þeirra. Opinberir styrkir frá sveitarfélögum þessara þriggja liða sem við ætlum að fylgjast með voru 46,80% af heildarframlögum árið 2015 og 43,88% árið 2016. Þar á eftir koma styrkir frá fyrirtækjum sem og auglýsingatekjur en þessi tekjuliður hjá þessum félögum nam 42,13% af heildartekjum árið 2015 og 42,95% árið 2016.

Tekjur frá almennum styrktaraðilum er tekjuliður sem getur sýnt mjög breytilegt fjármagn frá ári til árs. Þetta eru tekjur sem félögin fara og sækja sjálf í fyrirtæki og því er fylgni á milli velgengni liðsins og hversu háa styrki þau ná að sækja sér. Hægt er að sjá þetta í ársreikningum félaganna þar sem eitt af þessum þremur félögum hefur náð árangri í íþróttinni nýlega og þar með eru tekjur félagsins frá fyrirtækjum mun hærri en hjá hinum félögum.

Ef teknir eru saman tveir flokkar af styrkjum, þ.e. styrkir sveitarfélaganna annars vegar og aðrir styrktaraðilar hins vegar þá eru þeir 88,9% af heildarstyrkjum félaganna árið 2015 og 86,83% árið 2016. Þetta eru virkilega háar tölur þegar þær eru bornar saman við heildar rekstrartekjur félaganna. Heildar rekstrartekjur þessara þriggja liða námu 269.308.771 krónum á árunum 2015 og 2016 þar sem að heildarstyrkir til félaganna í formi opinbera styrkja, styrktaraðila eða auglýsingatekna voru 124.650.674 krónur. Þetta þýðir að styrkir, framlög og auglýsingatekjur til félaganna eru rétt undir helmingurinn af öllu fé sem rennur inn til þeirra eða 46,29%. Það er því deginum ljósara að körfuknattleiksdeildir gætu aldrei gengið án gífurlegs stuðnings frá bakhjörllum og sveitarfélögum sínum.

Þegar litið er aftur á heildar rekstrartekjur þá eru tveir aðrir liðir sem skapa ágætis fjármögnunar möguleika fyrir félögin. Það er annars vegar tekjur af mótahaldi og hins vegar tekjur vegna æfingagjalda. Tekjur af mótahaldi geta verið tekjur af leikjum meistaraflokka liðanna sem og yngri flokka. Yngri flokka mót hafa verið ágætis tekjulind fyrir félögin seinustu ár en fyrirkomulagið á mótunum er þannig að félag tekur að sér að halda mótin yfir helgi í sínum íþróttahúsum og fá í leiðinni allar tekjur sem myndast vegna mótsins. Þessar tekjur

koma aðallega frá tveimur stöðum. Það er frá mótsgjaldi hvers liðs og tekjur af veitingasölu á meðan á mótinu stendur. Kostnaðurinn er einhver við að halda þessi mót en að miklu leiti vinna sjálfboðaliðar félaganna við mótin til að halda kostnaði í lágmarki og hámarka hagnað félagsins af mótahaldinu. Yfir árin 2015 og 2016 námu þessar mótatekjur 41.010.870 krónum fyrir félögin þrjú en það er u.þ.b. 15% af heildar rekstrartekjum félaganna.

Þegar litið er á ársreikninga félaganna þriggja er eitt félag sem ber af varðandi tekjur af mótahaldi en það skýrist fyrst og fremst af tveimur þáttum. Annars vegar er virkilega öflugt yngri flokka starf í klúbbum og eru margir iðkendur innan félagsins. Körfuboltadeildin hefur því marga möguleika til að halda mót eins og lýst var hér áður og hljóta góðar tekjur af. Einnig hefur þetta sama félag ná góðum árangri í meistaraflokkum sínum sem þýðir að það fer lengra í úrslitakeppni meistaraflokkanna og spilar því fleiri leiki þar en hin félögin. Munurinn felst ekki einungis í þessum auka leikjum sem félagið fær tekjur af heldur eru þetta leikir sem draga mun meiri tekjur inn í félagið en venjulegir deildarleikir. Fleira fólk mætir á leiki í úrslitakeppninni sem gefur félaginu aukna miða- og veitingasölu sem og að auðveldara er fyrir félagið að sækja meira fjármagn í formi styrkja og auglýsingatekna.

Að meðaltali hefur verið 21% hækkun milli ára hjá þessum þremur félögum í tekjum af mótahaldi sem segir okkur að fleira fólk er að mæta á leiki í úrvalsdeild karla og að liðin eru að þjónusta sína yngri flokka betur með því að halda mót fyrir þau á þeirra heimavelli.

Áhugavert er svo að skoða þróunina á tekjum af æfingagjöldum félaganna þriggja en vert er að nefna það að sveitafélögin bjóða upp á frístundaávisanir sem gera foreldrum kleift að borga minni æfingargjöld. Frístundaávisunirnar virka þannig að foreldri skráir barnið sitt hjá íþróttafélaga, setur ávísunina upp í æfingagjaldið og greiðir svo mismuninn sem myndast. Félögin voru samtals með 53.428.782 krónum í tekjum af æfingagjöldum fyrir árin 2015 og 2016 saman en það var 29,75% aukning á milli ára. Það er létt að greina hvað gerist á bak við hækkun í tekjum vegna æfingagjalda en það er mest vegna aukins fjölda af iðkendum í félögunum. Athyglisvert er að bera saman félögin þrjú en aukning af tekjum vegna æfingagjalda hjá einu liðinu er mun meiri en hjá hinum tveimur. Aftur er það félagið sem hefur notið velgengi í meistaraflokki sínum sem hækkunin á milli ára er einstaklega mikil. Með árangri kemur aukið umtal sem skilar sér í því að fleiri krakkar skrá sig í félagið til að æfa sem skilar síðan auknum tekjum inn í klúbbinn. Það er því mikil fylgni milli árangurs félaga innan vallar og aukningar á tekjum í rekstri. Þessar 53 milljónir sem félögin þrjú höfðu upp úr

æfingagjöldum fyrir árin 2015 og 2016 eru um 19,84% af heildar rekstrartekjum félaganna. Því er augljóst að stór partur af rekstrarhæfi klúbba á Íslandi felst í því að halda úti öflugum yngri flokka starfi því að miklar tekjur koma þaðan.

Að lokum er fjáröflun félaganna mikilvægur hlekkur í tekjum þeirra. Fjáraflanir geta verið mismunandi eftir félögum en algengar fjáraflanir eru t.d. sala á vörum líkt og klósettpappír, ferjun bíla hjá bílaleigum og vörutalningar. Heildar fjáröflunartekjur félaganna voru samtals 45.697.186 krónur sem gefa þeim um 16,97% af heildar rekstrartekjum þeirra. Ólíkti hinum tekjuliðunum þá lækka heildartekjur af fjáröflunum um 8 milljónir á milli ára en athyglisvert er að skoða það í samhengi við hækkun félaganna á milli ára í æfingagjöldum og tekjum af mótahaldi. Sá klúbbur af þessum þremur sem hækkaði hvað mest milli ára í tekjum af mótahaldi og æfingagjöldum lækkaði einnig hvað mest milli ára í tekjum af fjáröflunum. Þetta gefur ákveðna mynd á það að klúbbarnir eru ekki að ráðast í fjáröflunarverkefni nema að þau þurfi tekjur nauðsynlega. Ef þeir ná að auka tekjurnar sínar í gegnum aðra tekjuliði sem þarfnast ekki gífurlegrar aukavinnu sjálfbóðaliða munu þau gera það.

Afar áhugavert er svo að sjá hversu mikið árangur meistaraflokks félags getur haft á marga tekjuliði félagsins. Stóran hluta af hækkun á heildartekjum þessa eina klúbbs af þremur má rekja til góðs árangurs meistaraflokks klúbbsins en með þeim árangri koma fleiri styrktaraðilar inn, hærri auglýsingatekjur með meiri umtali á félaginu, fleiri iðkendur koma með betri velgengni og loks hækkun á tekjum af leikjum og mótahaldi sem helst í hendur með aukningu iðkenda sem og ef liðin eru að komast langt í úrslitakeppnina á hverju ári þá fjölga leikjum liðsins. Athyglisvert er að nefna það að verðlaunafé félaganna fyrir að vinna Íslandsmeistaratitilinn í úrvaldsdeild er einungis 1 milljón króna. Ef þessi upphæð er sett í samhengi er 1 milljón króna rúm 1% af heildar rekstrargjöldum eins af félögunum þriggja sem rætt er um. Nokkuð ljóst er að verðlaunaféð er ekki að hjálpa íþróttafélögunum mikið við rekstur þeirra. Fjáraflanirnar eru svo notaðar til að mæta afgangi ef félaginu vantar auka tekjur á ákveðnum tímamarki.

Loks til að líta á heildar rekstrartekjur klúbbanna þriggja og breytingu á þeim á milli ára þá hækkuðu þær frá 2015 til 2016 um 7,66% eða 10.720.601 kr. Þessa hækkun má rekja með greiningu einstakra tekjuliða hér að ofan en einnig er athyglisvert að sjá þessa hækkun á milli ára þegar litið er til þess að fyrsti þáttur af Körfuboltakvöldi var sýndur árið 2015, aukning á útsendingum leikja í úrvaldsdeildum karla og kvenna og íslenska karlalandsliðið komst á

stórmót í fyrsta skiptið árið 2015. Umtal um íslenskan körfubolta hefur aldrei verið meira sem er að skila sér í aukningu tekna félaganna í landinu og betri rekstrarhæfis.

8 Rekstrargjöld félaga í úrvaldsdeild

Þegar horft er á rekstrargjöld Íþróttafélaga er það oftast nær stærsti hausverkur stjórnaraðila klúbbanna. Gjöld liðanna verða að færast í takt við tekjur félagsins og gjarnan hækka gjöldin í samræmi við hækkun á tekjum. Íþróttafélög landsins eru ekki rekin til að enda hvert ár með hagnaði heldur eru þau rekin til að þjónusta iðkendur sína og til að ná árangri í sínu starfi. Þar með munu félögin í landinu eyða meira fé í að þjónusta sína iðkendur og félagsmenn þegar tekjulindir þeirra hækka. Þetta er svo sannarlega staðreynd þegar það kemur að þeim þremur félögum í úrvaldsdeild karla sem eru tekin fyrir í þessari ritgerð.

Samkvæmt ársreikningum þeirra hafa heildar rekstrargjöld þeirra hækkað um 4,84% milli ára á móti 7,66% hækkun á rekstrartekjum liðanna. Í sundurliðun á rekstrargjöldum félaganna þriggja er launakostnaður leikmanna og þjálfara stærsti einstaki gjaldaliðurinn. Heildar rekstrargjöld liðanna námu 124.886.182 krónum árið 2015 og af þeirri upphæð voru launagreiðslur til þjálfara og leikmanna 56.561.645 krónur en það gerir um 45,29% af rekstrargjöldum félaganna. Svipaðar tölur eru að sjá í ársreikningum félaganna fyrir árið 2016 en af heildar rekstrargjöldum þeirra sem nam 131.235.631 krónum voru u.þ.b 51% vegna launakostnaðar. Afar athyglisvert er að skoða hækkun launakostnaðar félaganna á milli ára en sá gjaldaliður hækkaði um 15% frá árinu 2015 til 2016. Hér er aftur hægt að tengja þessa hækkun til aukins umtals og umfjöllunar um úrvaldsdeildina en aukið umfang deildarinnar skilar sér í hærri tekjum félaganna sem gefur þeim meira svigrúm í launa viðræðum við leikmenn. Þetta dæmi sýnir bersýnilega þá staðreynd að auknar tekjur klúbbanna færast yfir á meiri eyðslu þessara tekna sem endar gjarnan í hærri launakostnaði leikmanna. Af þessum 10 milljónum sem launakostnaður hækkaði hjá félögum eru 9 milljónir af þeim hækkun hjá tveimur af þessum þremur. Þessir tveir klúbbar sem hækkuðu launakostnað sinn um 5 og 4 milljónir milli ára eru félög sem náðu góðum árangri árinu áður og áttu því auðveldara með að sækja sér tekjur næsta ár.

Næststærsti kostnaðarliður félaganna er svo liður sem kallast oft íþróttaleg viðskipti. Í sundurliðun á þessum gjaldalið bera þátttökugjöld og dómarakostnaður höfuð og herðar yfir aðra kostnaðarliði. Íþróttaleg viðskipti námu um 49 milljónum hjá þessum þremur félögum fyrir árin 2015 og 2016 en af þeirri tölu voru u.þ.b 54% vegna þátttökugjalda og dómarakostnaðar. Það fellur á félögin að greiða dómurum fyrir vinnu þeirra á heimaleikjum. Dómarakostnaður getur verið hár sérstaklega þegar dómara ferðast langar vegalengdir til að

dæma leik. Þar með getur það reynst þungt fyrir félög utan af landi að greiða dómurum fyrir vinnu sína því að ef ferðin er löng bætast dagpeningar við kostnaðinn. Þátttökugjöld er svo kostnaður félagsins við að hafa liðin sín í efstu deildum Íslands í körfubolta. Þátttökugjöld og dómarakostnaður er gjöld sem félögin komast ekki hjá en að sama skapi eru það oftast svipaðar upphæðir milli ára.

Loks er kostnaður vegna mótahalds drjúgur gjaldaliður hjá félögunum í úrvalsdeildinni. Það er ljóst að það kostar sitt að halda uppi liði í deild þeirra bestu á Íslandi en áhugavert er að sjá fylgnina með hækkunum á heildar rekstrartekjum og hækkun í launakostnað klúbbanna. Það aukafjármagn sem kemur inn í félögin er að mestu notað til að annaðhvort sækja sterkari leikmenn eða borga núverandi leikmönnum hærri laun. Markmið félaganna er að gefa meistaraflokkum sínum sem mesta möguleika á að ná árangri því stjórnarmenn gera sér grein fyrir því að góður árangur meistaraflokks þeirra skilar auknum tekjum inn í félagið.

Niðurstaðan er því sú að rekstrargjöld þessara þriggja félaga hafa hækkað í takt við tekjur þeirra og heildar umfang liðanna er búið að hækka milli ára.

9 Rekstrarafgangur félaga í úrvalsdeild

Íslenskar körfuknattleiksdeildir eru að meðaltali ekki með rekstrarform sem skilar miklum hagnaði inn í félögin. Liðin eru rekin með það sjónarmið að hámarka árangur félagsins og þá helst meistaraflokka þeirra. Eins og áður hefur verið nefnt er stór partur af tekjum félaganna fengin frá styrktaraðilum, með opinberum styrkjum og auglýsingatekjum. Félögin nota oftast nær allar tekjur sínar hvert ár og því er hagnaður hjá körfuknattleiksdeildum í landinu ekki algengur. Vert er að nefna að allar upplýsingar úr þessum kafla koma frá ársreikningum félaganna þriggja sem eru til skoðunar. Heildarhagnaður félaganna þriggja var þó 11.234.942 krónur á árunum 2015 og 2016 en þá tölu má helst rekja til velgengni meistaraflokks eins félagsins. Hagnaðurinn hækkaði um 57,70% milli ársins 2015 og 2016 sem er áhugaverð tölfræði þegar litið er til aukinnar umfjöllunar á körfubolta frá árinu 2015.

Eins og greint var frá fyrr í ritgerðinni er sýnilegur munur á rekstrartekjum félaganna frá árinu 2015 með tilkomu Körfuboltakvölds, fleiri útsendingum á leikjum hjá Stöð 2 og velgengni íslenska karlalandsliðsins. Þó ber að nefna að nánast allur hagnaður félaganna þriggja kemur frá einu félagi. Þessu félagi hefur, eins og áður hefur verið nefnt, gengið vel með meistaraflokks liðið sitt og er hægt að beintengja þennan hagnað í auknar tekjur frá leikjum liðsins sem og aukningu á iðkenda fjölda félagsins. Þó að hagnaðurinn sé að mestu kominn frá einu liði eru öll þrjú félögin rekin nánast á núlli. Hin tvö félögin sem rætt er um hafa verið með hagnað innan við milljón á ári. Það væri að öllum líkindum einnig raunin hjá þriðja félaginu nema að árangur liða þess gefa því þessar aukatekjur sem skilar sér í auknum hagnaði. Peningaflæði inn í félögin í íslensku deildinni er að miklu leiti háð einu grundvallaratriði, árangri meistaraflokks klúbbsins. Það eiga sér stað einhver snjóboltaáhrif þegar vel gengur hjá meistaraflokkunum en velgengnin skilar sér í tveimur mikilvægum tekjulindum þ.e. að auðveldara er að sækja fjármagn frá styrktaraðilum og auglýsingum og börnin í hverfinu velja körfubolta frekar en aðrar íþróttir sem skilar liðinu tekjum í æfingagjöldum og tekjum af mótshöldum. Eðlilega er því sett aukið fjármagn, þegar það er til, í að greiða núverandi leikmönnum betur (ef vel gengur) eða þá að sækja nýja leikmenn sem halda þessum snjóbolta rúllandi.

10 Efnahagsreikningur félaga í úrvalsdeild

Við skoðun á efnahagsreikningum félaganna er áhugavert að sjá hversu skammtímamiðuð rekstrarform klúbbanna er í raun og veru. Eins og áður var nefnt eru íþróttafélög landsins ekki rekin með hagnað að markmiði og að mestu er það fjármagn sem kemur inn á hverju ári eytt á því sama ári.

Ársreikningar félaganna þriggja staðfesta þetta að öllu leiti en sem dæmi eru ekki neinar langtímaskuldir til hjá félögunum og nánast engir fastafjármunir til. Árið 2016 er eigið fé hjá tveimur af þremur félögum jákvætt á meðan að hið skuldsetta félag er aðeins með skuld uppá u.þ.b. 400.000 krónur. Ógreiddar skuldir við aðalstjórnir eru veigamiklar í skammtímaskuldum deildanna en einnig eru yfirdráttalán algeng. Þetta sannar aftur að félögin eru skammtímamiðuð í hugsun og eru rekin ár fyrir ár með það sjónarmið í huga að þjónusta iðkendur sína og skapa umhverfi sem er vænlegt til árangurs. Þegar horft er til veltufjármuna félaganna eru í raun einungis tveir liðir sem er vert að nefna. Það eru viðskiptakröfur og handbært fé klúbbsins. Almennt flæði fjármagns innan félaganna er að hækka á milli ára en árið 2015 var eigið fé og skuldir samtals 5.731.764 krónur hjá félögunum en árið 2016 hafði það hækkað í 14.412.538 krónur, en þetta gerir hækkun um rúmlega 60%. Íslenskur körfubolti er að stækka á hverju ári með tilkomu aukinnar umfjöllunar sem gerir klúbbunum kleift að ráðstafa meiri fé í sín lið og umgjörðina á bakvið þau. Íslenskur körfubolti er á hraðri leið upp á við og ef rétt er haldið á spilunum ættu úrvalsdeildir karla og kvenna að geta haldið áfram að stækka og dafna.

Lokaorð

Það má segja með sanni að fjármagn í íslenskum körfubolta hefur aukist talsvert á seinustu árum og hvað þá frá fyrsta keppnisleik árið 1951. Heildar rekstrartekjur félaganna þriggja voru 140 milljónir árið 2016 sem er gífurlega há tala ef litið er til þess að bróðurpartur upphæðarinnar er fé frá styrkjum og framlögum. Heildar rekstrartekjur félaganna hækkuðu um 10 milljónir milli ára eða 7,66% frá árinu 2015 til 2016. Rekstrartekjur voru ekki það eina sem hækkaði milli ára en rekstrargjöld hækkuðu nánast í takt við tekjur. Hækkun rekstrargjalda félaganna voru um 6 milljónir eða rúmlega 5%. Rekstrargjöldin árið 2016 námu 131 milljónum en mikil fylgni er með hækkun tekna og gjalda hjá félögum í úrvaldsdeild á Íslandi. Þessar hækkningar frá árinu 2015 má tengja við aukna umfjöllun og gott gengi íslenska karlalandsliðsins í körfuknattleik. Árið 2015 hófust uppgjörsþættirnir Körfuboltakvöld en það árið fjölgaði áður nefndum uppgjörsþáttum úr einum árið 2014 í 44 árið 2015. Þar að auki fjölgaði útsendingum frá keppnisleikjum úr 28 árið 2014 í 94 árið 2015. Lítil vafi leikur á fylgni þessarar aukningar í umfjöllun við aukningu fjármagns félaganna. Lið í úrvaldsdeildinni eiga nú auðveldara með að sækja sér fé til styrktaraðila og afla sér auglýsingatekna. Árangur íslenska karlalandsliðsins hefur einnig haft áhrif á aukningu í iðkenda fjölda körfuknattleiks í landinu. Landsliðið komst í fyrsta skipti á stórmót árið 2015 þegar liðið tryggði sér þátttökurétt á Evrópumótinu. Þessi árangur hefur bersýnilega skapað áhuga hjá íslensku þjóðinni á körfuknattleik sem sést hvað best í að iðkendum hefur fjölgað í félögum þremur um 23% frá árinu 2015 til 2017.

Körfuknattleiksdeildir landsins eru að taka þessari upprisu körfuboltans með opnum örmum og keppast um að hafa umgerð félaganna sem allra besta. Félögin eru að færast saman í rétta átt og úrvaldsdeildir landsins hafa aldrei fyrr verið í jafn miklum blóma og í dag. Ljóst er að umfang og fjármagn körfuknattleiksdeilda landsins hefur stórlega aukist á seinustu árum og engar vísbendingar eru um að því muni linna.

Þau félög sem voru til umræðu í þessari ritgerð hafa öll náð að bregðast vel við auknu umfangi og eru öll rekin á núlli eða með litlum hagnaði. Hins vegar þurfa þau að hafa varann á sér þar sem að með aukinni umfjöllun og umfangi mun verða dýrara að reka íþróttafélögin og þar með munu þau þurfa meira fjármagn til að halda sér á þessum gullna núllpunkti.

Sagan segir okkur að körfuknattleiksdeildir á Íslandi munu ekki verða reknar í stöðugum hagnaði en möguleiki er þó á að auðvelda félögum rekstrarskilyrði. Íslenska

körfuknattleikshreyfingin í heild ætti að stefna að því að koma rekstrarskilyrðum sínum í það horf að félögin geti fækkað klukkustundunum sem sjálfbóðaliðar þurfa að leggja inn. Framtíðar markmið félaganna ætti því að vera að körfuknattsleiksdeild þeirra geti verið rekin nánast alfarið með launuðum starfsmönnum íþróttafélagsins.

Að lokum þá stendur íslenskur körfuknattleikur vel að vígi árið 2018. Umfang er að aukast mikið milli ára en félögin virðast vera að bregðast vel við því. Iðkendum er einnig að fjölga og almennt umtal um körfuknattleik er að aukast. Undanfarin ár hafa íslenskir körfuboltamenn sem spila erlendis í atvinnumennsku eða bandaríska háskólaboltanum aldrei verið fleiri. Ef vel er haldið utanum yngri flokkastarf félaganna og klúbbarnir halda áfram að bregðast vel við auknu umfangi í fjármálum deildanna eru allir vegir færir. Körfuknattleikur á Íslandi hefur að mörgu leiti aldrei blómstrað jafn mikið og einmitt núna og ekkert bendir til þess að það muni hætta í bráð.

Heimildaskrá

Eurobasket. (2018) Iceland National Team News, Rumors, Roster, Stats, Awards - eurobasket. Sótt 23. apríl 2018 af <http://www.eurobasket.com/Iceland/basketball-National-Team.asp?Year=2015> (a)

Eurobasket. (2018) Iceland National Team News, Rumors, Roster, Stats, Awards - eurobasket. Sótt 23. apríl 2018 af <http://www.eurobasket.com/Iceland/basketball-National-Team.asp?Year=2017> (b)

Knattspyrnufélag Reykjavíkur. (2016) Handbók KR. Sótt 21. apríl 2018 af https://www.kr.is/wp-content/uploads/2014/11/handbok_ver1.2.pdf

Körfuknattleiksdeild A. (2014). Ársreikningur 2014. Körfuknattleiksdeild A

Körfuknattleiksdeild A. (2015). Ársreikningur 2015. Körfuknattleiksdeild A

Körfuknattleiksdeild A. (2016). Ársreikningur 2016. Körfuknattleiksdeild A

Körfuknattleiksdeild B. (2014). Ársreikningur 2014. Körfuknattleiksdeild B

Körfuknattleiksdeild B. (2015). Ársreikningur 2015. Körfuknattleiksdeild B

Körfuknattleiksdeild B. (2016). Ársreikningur 2016. Körfuknattleiksdeild B

Körfuknattleiksdeild C (2015). Ársreikningur 2015. Körfuknattleiksdeild C

Körfuknattleiksdeild C. (2016). Ársreikningur 2016. Körfuknattleiksdeild C

Körfuknattleiksdeild A (2015). Iðkendaskýrsla 2015. Körfuboltadeild A

Körfuknattleiksdeild A (2016). Iðkendaskýrsla 2016. Körfuboltadeild A

Körfuknattleiksdeild B (2015). Iðkendaskýrsla 2015. Körfuboltadeild B

Körfuknattleiksdeild B (2016). Iðkendaskýrsla 2016. Körfuboltadeild B

Körfuknattleiksdeild C (2015). Iðkendaskýrsla 2015. Körfuboltadeild C

Körfuknattleiksdeild C (2016). Iðkendaskýrsla 2016. Körfuboltadeild C

Körfuknattleikssamband Íslands. (2018) KKÍ | Meistaratitlar karla. Sótt 3. maí 2018 af <http://www.kki.is/sagan/meistaratitlar-karla/> (a)

Körfuknattleikssamband Íslands. (2018) kki_arsskyrsla2015.pdf. Sótt 22. apríl 2018 af http://kki.is/library/Skrar/kki_arsskyrsla2015.pdf (b)

Körfuknattleikssamband Íslands. (2018) KKÍ | Saga úrslitakeppni karla 1984-2018. Sótt 22. apríl 2018 af <http://www.kki.is/sagan/saga-urslitakeppni-karla-1984-2018/> (c)

Körfuknattleikssamband Íslands. (2018) KKÍ | Úrvalsdeild kvenna. Sótt 24. apríl 2018 af <http://www.kki.is/sagan/allir-titlar/urvalsdeild-kvenna/> (d)

Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2009). Ungt fólk 2009. 8., 9. og 10. bekkur: Menntun, 42 menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn ungmenna á Íslandi. Reykjavík: Rannsóknir og greining.

Marsh, H. W. (1993). The effects of partocopation in sports during the last two years in high school. *Sociology of Sport Journal*, 10, 18-43.

Óskar ófeigur Jónsson. (2018) KKÍ | Saga bikarúrslita KKÍ. Sótt 22. apríl 2018 af <http://www.kki.is/sagan/saga-bikarurslita-kki/>